

STJÓRN SORPU BS.

361. fundur. Stjórnarfundur SORPU bs. á skrifstofu byggðasamlagsins föstudaginn 20.05.2016, kl.07:30. Mættir: Bjarni Torfi Álfþórsson, Hafsteinn Pálsson, Halldór Auðar Svansson, Jóna Sæmundsdóttir, Guðmundur Geirdal og Rósa Guðbjartsdóttir. Framkvæmdastjóri Björn H. Halldórsson, Sigríður B. Einarsdóttir skrifstofustjóri og Bjarni Hjarðar yfirverkfræðingur.

Tekið fyrir:

1. Uppgjör endurvinnslustöðva fyrir árið 2015
Lagt fram aftur minnisblað framkvæmdastjóra frá síðasta fundi. Málið rætt.
Framkvæmdastjóri gerði grein fyrir auglýsinga- og markaðskostnaði byggðasamlagsins.
2. Samanburður rekstrar og áætlunar fyrir fyrstu 3 mánuði ársins 2016
Framkvæmdastjóri kynnir bráðabirgðaniðurstöðu fyrstu þriggja mánaða.
Veruleg aukning hefur orðið í magni úrgangs, m.a. hefur magn á endurvinnslustöðvar aukist um 23% frá fyrra ári og er halli á rekstri endurvinnslustöðvanna nú þegar orðinn 22,8 milljónir.
Málið rætt. Framkvæmdastjóra og formanni falið að vinna greinagerð sem send verður á bæjar- og borgarráð.
3. Raf- og rafeindatækjaúrgangur.
Framkvæmdastjóri kynnir stöðu mála. Opnun tilboða í raf- og rafeindatækjaúrgang sem vera átti í dag hefur verið frestað um viku þar sem beðið er afgreiðslu stjórnar Úrvinnslusjóðs á tillögum um breytingar úrvinnslugjaldi raf- og rafeindatækjaúrgangs.
Framkvæmdastjóra og formanni falið að fella inn í greinagerð, samkvæmt 2. lið, stöðu þessara máli.
4. Staða í viðræðum SORPU við Sorpstöð suðurlands
Stjórnarformaður og varaformaður stjórnar kynna viðræður við fulltrúa Sorpstöðvar suðurlands síðustu vikur. Málið rætt.
5. Ósk SOS um framlengingu á samningi vegna móttöku á úrgangi frá suðurlandi
Lögð fram ósk Sorpstöðvar Suðurlands um framlengingu á samningu um móttöku á úrgangi frá suðurlandi. Málið rætt. Stjórn felur framkvæmdastjóra og formanni að boða til fundar með stjórn SOS um málið.
6. Staða í undirbúningi gas- og jarðgerðarstöðvar
Lagt fram minnisblað frá Mannvit um framvindu og stöðu samkeppnisviðræðna vegna undirbúnings gas- og jarðgerðarstöðvar. Stefnt er að því að niðurstaða samkeppnis-viðræðna liggi fyrir á næsta fundi stjórnar í lok júní.
7. Útboð á nýrri rein í Álfnesi
Yfirverkfræðingur og framkvæmdastjóri kynna gerð næstu reinar í Álfnesi.
Málinu frestað.
8. Starfsáætlun stjórnar næstu mánuði
Kynnt hugmynd að starfsáætlun stjórnar næstu mánuði. Málið rætt.
9. Næsti fundur stjórnar
Næsti fundur stjórnar ákveðinn 20. júní klukkan 7.30.

Fleira ekki tekið fyrir.

Fundarritari Sigríður B. Einarsdóttir

Fundi slitið klukkan 9.

Bjarni Torfi Álfþórsson
Jóna Sæmundsdóttir
Guðmundur Geirdal
Björn H. Halldórsson
Sigríður B. Einarsdóttir

Halldór Auðar Svansson
Rósa Guðbjartsdóttir
Hafsteinn Pálsson
Bjarni Hjarðar